

Því úrskurðast:

Meðferð máls þessa fyrir hæstarétti er frest-
að. Fógeta skal skylt að veita aðiljum kost á
því að gera fyrir dómi sínum grein fyrir fram-
angreindum atriðum og þeim öðrum atriðum,
er mál þetta varða og efni kunna að standa til.

Miðvikudaginn 14. júní 1939.

Nr. 5/1939. **Jóhanna Goldstein-Ottósson**

(Lárus Fjeldsted)

gegn

Helgu Sigurðsson og gagnsök

(Garðar Þorsteinsson).

Atvinnuréttindi. Skaðabætur vegna rofa á samnings-
bundnu trúnaðarsambandi í atvinnurekstri, sbr. 12.
gr. laga nr. 84/1933.

Dómur hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til
hæstaréttar með stefnu 16. jan. þ. á., hefir krafizt
þess aðallega, að hún verði algerlega sýknuð af
kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu, en til vara, að
hún verði sýknuð, ef hún staðfestir það með eiði
sínun, að hún hafi skilið gagnáfrýjanda svo, er
gengið var frá samningi aðilja frá 4. ág. 1935, að
henni (aðaláfrýjanda) væri aðeins óheimilt að ráða
sig hjá öðrum í Reykjavík, Hafnarfirði og í ná-
grenni Reykjavíkur til samskonar starfs sem hún
hafði hjá gagnáfrýjanda.

Málskostnaðar krefst aðaláfrýjandi fyrir báðum

dómum eftir mati hæstaréttar, hvor þessara krafna sem til greina yrði tekin.

Loks krefst aðaláfrýjandi þess til þrautavara, að henni verði með dómi hæstaréttar heimilað að leysa sig með féggjaldi eftir mati dómsins undan atvinnubanninu í áðurnefndum samningi aðilja, ef svo yrði talið, að hún hefði brotið það með því að setja á stofn saumastofu sína, enda verði hún þá sýknuð af frekari kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu. Ef þessi krafa yrði tekin til greina, þá krefst aðaláfrýjandi þess, að málskostnaður verði látinn falla niður fyrir báðum dómum.

Gagnáfrýjandi, sem skotið hefir málinu til hæstaréttar með stefnu 9. febr. þ. á., krefst þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt óheimilt bæði nú og framvegis að starfrækja saumastofu í Reykjavík og í nágrenni hennar og í Hafnarfirði eða að vinna með nokkrum hætti á þessum stöðum við slíka stofnun. Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að tími sá, sem aðaláfrýjanda sé óheimilað að reka eða stunda áðurnefnda atvinnu, verði lengdur frá því, sem ákveðið er í héraðsdóminum, eftir mati hæstaréttar.

Þá krefst gagnáfrýjandi þess, að aðaláfrýjandi verði dæmd til að greiða henni 6000 krónur eða aðra hæfilega upphæð eftir mati dómsins í skaðabætur. Vaxta hefir ekki verið krafizt.

Loks krefst gagnáfrýjandi staðfestingar á málskostnaðarákvæði héraðsdómsins og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Ákvæðið í samningi aðilja frá 4. ág. 1935 um það, að aðaláfrýjanda skyldi óheimilt „að taka starf hjá öðrum eða vinna fyrir utan verzlunina (þ. e. verzlun gagnáfrýjanda) á meðan eg (þ. e. aðaláfrýjandi)

dvel á Íslandi“, felur í sér ótímabundið og ótakmarkað bann við vinnu aðaláfrýjanda í sömu starfsgrein, sem hún stundaði hjá gagnáfrýjanda. Viðbótarákvæði samningsins um það, að aðaláfrýjandi mætti starfa á Íslandi utan Reykjavíkur og nágrennis hennar og Hafnarfjarðar, takmarkaði bann þetta að stað, en ekki að öðru leyti. Staðhæfing aðaláfrýjanda um það, að hún hafi skilið gagnáfrýjanda svo, að bannið meinaði henni (aðaláfrýjanda) einungis að starfa hjá öðrum eftir að samningi aðilja væri slitið, getur ekki leyst hana undan framangreindum ákvæðum samningsins, með því að ekki er sannað gegn mótmælum gagnáfrýjanda, að hún hafi veitt aðaláfrýjanda nokkurt efni til þess að halda, að svo bæri að skilja þau, enda var það aðaláfrýjanda að kynna sér samninginn nægilega áður en hún gekk að honum. Hinsvegar þykir verða að líta svo á, að hið ótímabundna og viðtæka atvinnubann samningsins skerði svo óhæfilega atvinnufrelsi aðaláfrýjanda, að hún sé ekki bundin við það að fullu. Bannið virðist fyrst og fremst einungis geta, eins og þessu máli er varið, komið til greina um stofnun samskonar saumastofu sem aðaláfrýjandi starfaði í hjá gagnáfrýjanda og ráðningu hennar til starfs slíks hjá keppinautum gagnáfrýjanda. Og þegar meta skal það, hversu lengi það megi standa, sbr. 37. gr. laga nr. 7/1936, þá virðist eitt ár mega teljast hæfilegt. En þar sem aðaláfrýjandi hefir rekið saumastofu sína, að því er virðist, 8—9 mánuði og hún er því væntanlega bundin við samninga um húsnæði og við starfsstúlkur m. fl., þá þykir, eins og á stendur, rétt að taka til greina þrautavarakröfu hennar að því leyti, að hún verði dæmd til að greiða gagnáfrýjanda bætur fyrir tjón, er telja má hana bíða sakir brots aðal-

áfrýjanda á oftnefndu atvinnubanni. Þykja þær bæt-
ur hæfilega metnar 3000 krónur. Séu þær að fullu
greiddar innan 3 mánaða frá birtingu dóms þessa.
Annars kostar skal aðaláfrýjanda vera óheimilt að
reka sjálf eða starfa á samskonar saumastofu sem
hún vann á hjá gagnáfrýjanda í Reykjavík eða ná-
grenni hennar eða í Hafnarfirði eitt ár talið frá lok-
um greiðslufrests áðurnefndra 3000 króna.

Samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, hefir
aðaláfrýjandi áður eða um það leyti sem hún fór
frá gagnáfrýjanda leitast við og að nokkru leyti tek-
ið að ná frá henni starfsstúlkum hennar til fyrirhug-
aðrar saumastofu sinnar. Þá er það óvæfengt, að að-
aláfrýjandi brenndi af ásettu ráði bækur, sem voru
eign gagnáfrýjanda og höfðu að geyma nöfn, heim-
ilisföng og líkamsmál kvenna, sem aðaláfrýjandi
hafði afgreitt starfstíma sinn hjá gagnáfrýjanda.
Þetta var aðaláfrýjanda óheimilt. Það er ennfremur
komið fram í málinu, að aðaláfrýjandi sendi við-
skiptavinum gagnáfrýjanda prentaðar tilkynningar
um stofnun saumastofu sinnar, ásamt ósk um við-
skipti við þær. Telur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda
munu hafa notað eða látið nota áðurnefndar mál-
bækur beint eða óbeint í þessu skyni. Aðaláfrýjandi,
sem gaf aðiljaskýrslu í málinu í héraði, hefir að vísu
neitað þessu, en jafnframt hefir hún skorast undan
að gera fulla grein fyrir því, hvernig eða með hverra
aðstoð hún, sem er útlendingur og tjáist lítið kunna í
íslenskri tungu, hafi aflað sér nafna og heimilisfanga
kvenna þeirra, er hún sendi áðurnefndar tilkynning-
ar. Með því að aðaláfrýjanda virðist hafa verið unnt
að gefa nægilega glögga skýrslu um þessi atriði, þá
virðist bera að leggja til grundvallar staðhæfingu

gagnáfrýjanda um misnotkun bókana að þessu leyti, sbr. 116. gr. laga nr. 85/1936.

Verður að telja aðaláfrýjanda hafa með framan- greindum athöfnum brugðizt því trausti, er gagn- áfrýjanda var nauðsyn að geta borið til hennar, og að sumu leyti misbeitt aðstöðu sinni sér í hag, en gagnáfrýjanda til óhags, sbr. 12. gr. laga nr. 84/1933. Virðast framangreindar athafnir aðaláfrýjanda hafa verið lagaðar til að valda gagnáfrýjanda óþægindum og tjóni. Og þykja bætur fyrir það til handa gagn- áfrýjanda hæfilega ákveðnar 1000 krónur, sbr. 4. málsg. 16. gr. síðastnefndra laga, eins og í héraðs- dóminum segir.

Eftir atvikum þykir rétt að dæma aðaláfrýjanda til þess að greiða gagnáfrýjanda samtals 500 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Aðaláfrýjandi, Johanna Goldstein-Ottósson, greiði gagnáfrýjanda, Helgu Sigurðsson, 1000 krónur.

Ennfremur greiði aðaláfrýjandi gagnáfrýj- anda 3000 krónur innan 3 mánaða frá birtingu dóms þessa. En ef full greiðsla þessarar upp- hæðar hefir ekki farið fram innan þess tíma, þá skal aðaláfrýjanda þess í stað óheimilt að starfrækja eða vinna á samskonar saumastofu og hún vann á hjá gagnáfrýjanda í Reykja- vík og nágrenni hennar og í Hafnarfirði eitt ár, talið frá lokum framangreinds þriggja mánaða frests.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 500 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. des. 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 13. þ. m., er eftir árangurslausa sáttumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útg. 11. okt. s. l. af frú Helgu Sigurðsson, Garðastræti 39 hér í bæ, gegn frú Jóhönnu Goldstein-Ottósson, Kirkjuhvoli hér í bænum, og eru dómkröfur stefnanda í því þessar:

1) að viðurkennt verði með dómi réttarins, að stefndri sé óheimilt, að viðlögðum 100.00 króna dagsektum, að reka saumastofu hér í Reykjavík og nágrenni og í Hafnarfirði, eða vinna við slíka stofnun á einn eða annan hátt,

2) að stefnd verði dæmd til að greiða sér allt að kr. 6000.00 í skaðabætur fyrir samningsrof og fyrir tjón og þau óþægindi, er hún (stefnandi) hafi orðið fyrir við það, að stefnd hafi tekið til sín á óleyfilegan hátt og eyðilagst málbækur hennar,

3) að stefnd verði dæmd til að greiða sér málskostnað að skaðlausu.

Stefnd krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnandi, en til vara að verða alveg sýknuð, ef hún staðfestir það með eiði, að hún hafi, þegar hún undirritaði samninginn frá 4. ágúst 1935, skilið hann þannig, að hún mætti sjálf (þ. e. sjálfstætt) vinna að kjólasaumi, hvar sem væri, eftir að hún færi úr þjónustu stefnandi. Málskostnaðar krefst hún, hvernig sem málið fer.

Málsatvik eru þau, að með samningi dags. í Berlín 16. ágúst 1934 réði stefnandi máls þessa, eigandi verzlunarinnar Gullfoss hér í bænum, stefndu í þjónustu sína til að veita forstöðu saumastofu, er stefnandi starfrækti í sambandi við nefnda verzlun. Var samningurinn á þýzku, og var í honum m. a. ákvæði, er í þýðingu löggilts dómtúlks er svohljóðandi: „... Frú Goldstein skuldbindur sig til þess, meðan dvöl hennar í Reykjavík stendur yfir, að búa hvorki

til né láta búa til fót á einstaklinga (orðrétt: einstaklingsdót G. J. (fangamark dómtúlksins)) (nema á sjálfa sig), og til þess að taka ekki að sér aðra stöðu í Reykjavík“.

Þann 4. ágúst 1935 gerðu aðilar með sér nýjan samning hér í Reykjavík, og var hann ritaður á íslenzku. Eftir ákvæðum þessa samnings skyldi aðalstarf stefndrar sem áður vera að stjórna saumastofunni. Ráðningartími stefndrar eftir þessum samningi var þrjú ár, eða frá 15. sept. 1935 til 15. sept. 1938. Jafnframt skuldbatt stefnd sig til „.... ekki að taka starf frá öðrum eða vinna fyrir utan verzlunina, á meðan ég dvel á Íslandi“ (þ. e. stefnd). Í beinu framhaldi af þessari setningu samningsins, en þó neðanmáls (vísað niður), var síðan eftir að samingurinn hafði verið vélritaður, og að því er virðist um leið og aðiljar undirrituðu hann, bætt svohljóðandi setningu, handritaðri af stefnandi og undirritaðri af báðum aðiljum á sama hátt og meginmál samningsins: „Mér (þ. e. stefndri) er heimilt að starfa í öðrum bæjum á Íslandi að undanskildum Reykjavík og Hafnarfirði og nágrenni Reykjavíkur að þessum þrem árum liðnum“. Kaup stefndrar var í samningi þessum ákveðið kr. 250.00 á mánuði, auk þriggja af hundraði af andvirði þeirra vara verzlunarinnar, er gengu gegnum saumastofuna.

Með bréfi dags. 15. júlí 1938 sagði stefnd upp nýnefndum samningi frá 15. september 1938 að telja. Stefnandi hafði líkað vel við stefndu, og fól hún því málflutningsmanni nokkrum hér í bænum að reyna að semja fyrir sig við hana á þá leið, að stefnd ynni áfram á saumastofunni.

Um þetta leyti hafði stefnd gíft íslenskum manni, og varð að samkomulagi, að hann og málflutningsmaðurinn reyndu samninga vegna aðilja. Bauð stefnandi stefndri allverulega kauphækkun og að hún skyldi ábyrgjast henni lágmarkskaup, kr. 450.00 á mánuði yfir árið, en um skemmri ráðningartíma mun ekki hafa verið talað. Mun stefnd ekki hafa verið óánægð með lengd ráðningartímans, en samningar hafa strandað á kaupatriði og stefnd síðan hafa farið úr þjónustu stefnandi í samræmi við uppsögnina.

Þann 1. október 1938 opnaði stefnd sína eigin „tízku-saumastofu fyrir dömur“ í Kirkjuhvoli hér í bænum, og virðist það fyrirtæki hafa verið alveg samskonar og saumastofa stefnandi í sambandi við verzlunina Gullfoss. Eftir

ákvæðum samningsins frá 4. ágúst 1935 taldi stefnandi stefndri óheimilt að setja þessa saumastofu á stofn og starfrækja hana í samkeppni við sig, og byggist 1. liður réttarkrafna hennar í máli þessu á því.

Þegar stefnd tók við störfum í verkstæði stefnandi eftir fyrri ráðningarsamningnum tók hún þar við af enskri forstöðukonu, miss Longdin. Voru þá engar málbækur (þ. e. bækur, sem nöfn, heimilisföng og líkamsmál viðskiptamanna eru færð í) fyrir á verkstæðinu, enda hefir stefnandi skýrt svo frá, að hún hafi sjálf eyðilagt málbækur miss Longdin, þar eð mál hennar hafi verið ónákvæm og því hafi hún talið þau einskis virði og rétt að fleygja þeim. Stefnd byrjaði því nýjar málbækur og mun hafa verið búin að ljúka 4 eða 5 bókum alveg, er hún fór frá stefnandi, og ca. $\frac{3}{4}$ hlutum þeirrar 5. eða 6. Nú skýrir stefnandi svo frá, að þegar stefnd hafi farið, hafi hún, án sins leyfis, tekið með sér málbækur þessar, og þann hluta þeirra, er í notkun var, sem útskrifaður var, og hafi hún klippt hann úr bókinni. Hafi stefnd notað sér þessi gögn á þann hátt, að hún hafi skrifað viðskiptavinum sínum (stefnandi) eftir heimilisföngum þeirra, er í bókunum stóðu, og vakið athygli þeirra á hinni nýju saumastofu sinni og yfirleitt hafi hún auglýst hana á allan hátt. Telur stefnandi, að stefndu hafi verið með öllu óheimilt að taka bækurnar og því fremur að notfæra sér á áðurgreindan hátt, og loks hafi hún með þessu bakað sér mikið tjón og óþægindi, þar sem verkstæði hennar geti nú ekki afgreitt kjóla til viðskiptavina sinna utan Reykjavíkur vegna þess að málin vanti, en það geti stefnd hinsvegar, og muni hún þegar hafa sett sig í samband við þá og hyggist að notfæra sér málbækurnar í því sambandi. Ennfremur skýrir stefnandi svo frá, að tala viðskiptavina sinna hafi aukizt á meðan stefnd var í verkstæðinu vegna hæfileika hennar, en síðan rýrnað, eftir að hún hætti, einkum vegna þess, að hún hafi notfært sér málbækurnar á áðurgreindan hátt, svo og þau persónulegu kynni, er hún hafi hlotið við viðskiptavinina sína (stefnandi) í starfi sínu hjá sér. Á þeim atriðum, sem nú hafa verið greind, byggist 2. liður réttarkrafna stefnandi.

Stefnd byggir sýknukröfu sína af framangreindum kröfuliðum stefnandi á eftirfarandi:

Að því er snertir 1) lið: Hún hafi ekki skilið samning-

inn og litið svo á, að samkvæmt orðalagi hans væri sér heimilt, hans vegna, að setja upp saumastofu, hvar sem væri á landinu, er hún væri farin úr þjónustu stefnandi. Þá telur stefnd þetta samningsákvæði ekki hafa við lög að styðjast, og sé það því ógilt og hún óbundin af því. Að því er snertir 2) lið byggir stefnd sýknukröfuna á því, að hún hafi eyðilagt umræddar málbækur, enda hafi sér verið það fyllilega heimilt, þar eð slíkar bækur verði að skoðast persónuleg eign hvernar forstöðukonu saumaverkstæðis, þegar þær séu útskrifaðar, enda þótt verkstæðið leggi þær til eins og annan pappir, er nota þurfi. Kveðst hún á engan hátt hafa notað þær á þann hátt eða í því skyni, er stefnandi hafi haldið fram, heldur hafi hún brennt þær eins og hvert annað rusl, er hún fór frá stefndri, og án þess að taka nokkurt afrit af þeim. Þá neitar stefnd því loks eindregið, að nokkuð hafi dregið úr viðskiptum við verkstæði stefnandi við það, að hún setti sitt verkstæði á stofn.

Um 1. kröfulið. Það má telja upplýst í málinu, að stefnd, sem fékk lánaðan samninginn frá 4. ágúst til athugunar og til að láta þýða hann fyrir sig, áður en aðiljar undirrituðu hann, hafi að fullu skilið hann málsins vegna, og verður hún því ekki sýknuð af þessum kröfulið vegna þess, að hún hafi ekki skilið samninginn.

Í meginmáli samningsins frá 4. ágúst 1935, sbr. áðurgreinda neðanmálsgrein hans, verður að telja, að felist loforð frá stefndri um að starfa ekki, hvorki fyrir aðra né sjálfstætt, að samskonar saumaskap og stefnandi starfrækir í Reykjavík og nágrenni og Hafnarfirði, meðan hún dvelur hér á landi. Þegar litið er til þess, að á þeim tíma, er samningur þessi var gerður, var stefnd útlendingur hér án allra atvinnuréttinda og gat jafnvel búizt við að fá ekki að dvelja hér lengur en meðan vist hennar hjá stefnandi stæði, þá verður varla talið, að á þeim tíma, sem samningurinn var gerður, hafi umrædd skuldbinding um of skert atvinnufrelsi hennar. Nú urðu hinsvegar þær breytingar á aðstöðu stefndrar hér á samningstímanum, að hún giftist íslenskum ríkisborgara og öðlaðist þannig sjálf ríkisborgararétt hér og því einnig dvalar- og atvinnuréttindi. Eftir þessa breytingu á högum stefndrar telur rétturinn því að lita verði svo á, að umrædd skuldbinding, jafn viðtæk

og hún er í samningnum, skerði óhæfilega atvinnufrelsi hennar, sem gift er manni, er jafnan hefir búið hér í bæn-um og stundað atvinnu hér. Hinsvegar verður og að telja, að það skipti stefnandi allmiklu máli, eins og atvik eru, að samningurinn sé haldinn. Lítur rétturinn því svo á, að þegar tekin er afstaða til kröfunnar í þessum lið, beri að hafa hagsmuni beggja aðilja í huga og viðurkenna því gildi samningsins frá 4. ágúst 1935, þó ekki viðtækar en svo, að viðurkenningin skerði ekki óhæfilega atvinnu-frelsi stefndrar.

Að þessu athuguðu telur rétturinn að taka beri þennan kröfulið stefnanda til greina á þann hátt að óheimila stefndri að viðlögðum umkröfðum dagsektum að starf-rækja samskonar saumastofu í Reykjavík og nágrenni henn-ar og Hafnarfirði og stefnandi starfrækir nú, eða vinna við slíka stofnun þar á nokkurn hátt, í tvö ár frá þeim degi að telja, er hún fór úr þjónustu stefnandi.

Um 2. kröfulið. Samkvæmt framansögðu lítur rétturinn svo á, að stefnd hafi á óréttmætan hátt rofið samning sinn við stefnandi. Þá verður einnig að telja, að stefndri hafi verið alls óheimilt að eyðileggja málbækurnar, þegar hún fór frá stefnandi, og þykir mega fallast á þá staðhæfingu þeirrar siðarnefndu, að það hafi bakað henni allmikil ó-þægindi og jafnvel eitthvert fjártjón, einkum um afgreiðslu til viðskiptavina hennar utan Reykjavíkur. Þá er einnig upplýst í málinu, að meðan stefnd vann ennþá á sauma-stofu stefnandi, reyndi hún að fá starfstúlkur þar til að koma á væntanlega saumastofu sína með því að bjóða þeim hærra kaup en þær höfðu hjá stefnandi, og virðast tvær af stúlkum, er þar unnu, hafa fylgt henni. Loks ber að geta þess, að stefnd sendi, auk annara, ýmsum konum, er hún vissi að voru viðskiptamenn stefnandi, sérstök auglýsinga-kort fyrir saumastofu sína.

Með tilliti til framangreindra atvika þykir verða að dæma stefndu til að greiða stefnandi skaðabætur undir þessum kröfulið, og þykja þær með tilliti til allra málavaxta hæfi-lega ákveðnar kr. 1000.00.

Þá ber loks að tildæma stefnandi málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 250.00.

Því dæmist rétt vera:

1. Stefnari, Jóhannu Goldstein-Ottósson, er óheimilt, að viðlögðum 100.00 króna dagsektum til stefnandi, Helgu Sigurðsson, að starfrækja í Reykjavík og nágrenni hennar og Hafnarfirði samskonar saumastofu og stefnandi starfrækir nú í sambandi við verzlunina Gullfoss, eða vinna við slíka stofnun þar á nokkurn hátt í tvö ár frá þeim degi að telja, er hún fór úr þjónustu stefnandi.

2. Stefnari greiði stefnandi kr. 1000.00 sem skaðabætur og auk þess kr. 250.00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja þannig:

- (1) innan 30 daga frá lögbirtingu hans og síðari lið
- (2) innan 15 daga frá sama tíma, hvorttveggja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 16. júní 1939.

Nr. 116/1938. **Christian Fr. Nielsen** (Sjálfur)
 gegn

Hallgrími Benediktssyni
 (Jón Ásbjörnsson).

Ýmsar kröfur í sambandi við samning aðilja um verzlunarfélagsskap og slit á þeim samningi.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem að fengnu áfrýjunarleyfi 25. okt. 1938 hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. nóv. s. á., hefir hér fyrir dómi gert allar hinar sömu kröfur á hendur stefnda sem í héraði, að frátekinni *varavarakröfunni*, svo sem þeim er lýst í héraðsdóminum. Þá krefst áfrýjandi niðurfellingar á réttarfarssekt þeirri, sem á hendur honum er dæmd í héraði. Loks krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir